

Þriðjudaginn 6. nóvember 1979.

Nr. 11/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkis-
saksóknari)

gegn

Birni Ingólfssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóm kváðu upp Guðmundur Kristjánsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringusýslu, og samdómsmennirnir Ragnar Björnsson hafnarstjóri og Árni Þorsteinsson hafn-
sögumaður.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt staði m/b Freys, KE 98, samkvæmt staðarákvörðunum varð-
skipsmanna á v/s Þór. Í greinargerð skólastjórans, dags. 7. maí 1979, segir svo:

„Í kortið hef ég dregið mörkin fyrir friðað svæði á Selvogsbanka samkv. reglugerð nr. 17 19. janúar 1976 um breytingu á reglugerð nr. 299 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í kortinu er:

I = staður v/s Þórs við hlið bátsins kl. 0756 h. 05.04.76.

Staður I mælist um 3,2 sjóm. innan friðaða svæðisins (línunnar AB í kortinu).

Staður I er ákveðinn með fjarlægð frá Ingólfsfjalli og Surtsey. Matsatriði getur verið, hvaðan í kortinu á að setja út fjarlægðina frá Ingólfsfjalli, þar sem hlíðarmörkin eru ekki svo greinilega afmörkuð í korti nr. 31, og þríhyrninga-
punkturinn á Ingólfsfjalli sést ekki í radar sem afmarkaður punktur. Hef ég við útsetninguna stuðst við Uppdrátt Ís-

lands (Íslands kortlægning) þar sem hliðarmörkin eru greinilegar afmörkuð.

Þá hef ég sett út staðsetningu varðskipsins kl. 0756 með því að reikna með 1,5% fjarlægðarskekkju bátnum í hag, en það er sú fjarlægðarskekkja sem framleiðendur Sperry-ratsjár varðskipsins viðurkenna, staður II í kortinu.

Staður II mælist um 2,8 sjóm. innan friðaða svæðisins“.

Samkvæmt gögnum máls, mælingum varðskipsmanna, sem ákærði hefur ekki vefengt, og álitsgerð Jónasar Sigurðssonar skólastjóra er sannað, að ákærði hefur verið að ólöglegum þorsknetaveiðum á þeim stað og tíma, sem í máli þessu greinir. Þykir brot ákærða varða við 1. tl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 17/1976 um breyting á reglugerð nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum, sbr. nú 1. tl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 415/1976 um friðunarsvæði við Ísland og 1. gr. reglugerðar nr. 134/1977 um netaveiðisvæði á Selvogsbanka, sbr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. 7. og 12. gr. laga nr. 81/1976.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði ákveðin samkvæmt 6. gr. i. f. reglugerðar nr. 299/1975, sbr. 2. gr. i. f. laga nr. 45/1974. Svo sem ákæruskjal ber með sér og vikið er að í héraðsdómi, er í ákæru krafist refsingar samkvæmt „6. gr. i. f., sbr. 3. gr. i. f. laga nr. 44/1948“, en þau lög geyma aðeins fjórar greinar. Er ljóst, að í ákæru hefur fallið niður að vísa í reglugerð nr. 299/1975 eftir „6. gr. i. f.“. Er og í bréfi ríkissaksóknara 20. apríl 1976, þar sem heimilað er að ljúka máli þessu með dómssátt, vísað til 3. og 6. gr. þessarar reglugerðar. Var ákærða kunnugt efni þessa bréfs svo og skipuðum verjanda hans, áður en dómur var lagður á málið í héraði. Verður refsing ákærða því ákvörðuð með hliðsjón af kröfugerð ákæruvalds, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, sbr. og refsíákvæði annarra framangreindra laga og reglugerða, sem vitnað er til í ákæru, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing

ákærða hæfilega ákveðin 500.000 króna sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands, og komi varðhald 40 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 125.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 125.000 krónur.

Það athugast, að höndum hefur verið kastað til við samningu ákæruskjals. Óhæfilegur dráttur hefur orðið á meðferð málsins.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Björn Ingólfsson, greiði 500.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 40 daga í stað sektar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 125.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 125.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 25. maí 1978.

Mál þetta, sem þingfest var 15. des. sl. og dómtekið 12. f. m., hefur ríkissaksóknari höfðað með ákæru, útgefni 26. apríl 1977, á hendur Birni Ingólfssyni, þá til heimilis að Vallargötu 6, Sandgerði, en nú að Hamarsstíg 33, Akureyri, „skipstjóra á Frey, KE 98, sem er 105 brúttó-rúmlestir og 27.86 metrar að lengd, fyrir fiskveiðibrot samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 17 19. janúar 1976, sbr. 3. gr. og 6. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins nr. 44/1948 og lög um

breyting á þeim lögum nr. 45/1974, sbr. síðar 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um friðunarsvæði við Ísland nr. 415/1976, og reglugerð um netaveiðisvæði á Selvogsbanka nr. 134/1977, sbr. lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, með því árla morguns mánudaginn 5. apríl 1976 að vera á þorskaneta-veiðum á nefndum báti á svæði á Selvogsbanka, þar sem allar veiðar voru bannaðar á tímabilinu frá 20. mars til 15. maí.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 6. gr. i. f., sbr. 3. gr. i. f. laga nr. 44/1948, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum, sbr. 17. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er sakhæfur, fæddur 4. des. 1948 í Reykjavík. Samkvæmt sakavottorði, dags. 26. apríl 1977, var hann dæmdur í 40.000 kr. sekt fyrir fiskveiðibrot í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu þann 25. apríl 1971, auk upptöku afla og veiðarfæra, en öðrum kærum og refsingum hefur hann ekki sætt, sem hér kunna að skipta máli.

Málavextir.

Í skýrslu Landhelgisgæslunnar, dags. 6. (sic) apríl 1976, segir, að mánudaginn 5. apríl s. á. var m/b Freyr, KE 98, skipstjóri ákærði í máli þessu, staðinn að meintum ólöglegum veiðum á Selvogsbanka. Voru nánari atvik þau, að kl. 0756 þann dag kom varðskipið Þór að nefndum báti innan friðaða svæðisins á Selvogsbanka, en skipverjar hans voru þá að draga inn þorskanet. Var gerð svofelld staðarákvörðun við hlið bátsins:

Ingólfsfjall	fj. 30.3 sml
Surtsey	fj. 23.2 sml

en þetta gaf stað bátsins 3.3 sml innan friðaða svæðisins. Var staðarákvörðun endurtekin kl. 0757 með sömu niðurstöðu og fyrr. Haft var samband við ákærða og honum skýrt frá staðarákvörðuninni, sem hann mótmælti ekki. Var honum sagt að taka upp þorskanet sín og enn fremur, að mál hans yrði kært.

Veður var V 7—8, sjór 5—6, éljagangur.

Réttarrannsókn í máli þessu hófst 8. apríl s. á., og kom ákærði þá fyrir dóm. Sagði hann, að hinn 30. mars næstan á undan hefði hann lagt 9 trossur norðan og austan við hið friðaða hólfi, eins og það var markað á sjókorti hans og getið var um í sjómannaalmanaki. Hinn 31. mars hefði hann átt trossur í sjó á sama stað og annað skip hlaut kæru út af 3. apríl og hefði varð-

skipið Þór, sem þá var þarna á staðnum, ekki haft önnur afskipti af honum en benda honum á að færa endann á trossunni norðar, þar sem hún væri á línunni eða alveg við hana. Kvað ákærði, að sér hefði virst skipherrann gæta þess svæðis, sem á sjókorti hans (ákærða) var markað sem friðað svæði.

Ákærði sagði, að varðskipið hefði kallað hann upp um kl. 0830 þann 5. apríl. Tilkynnti það honum, að hann væri með netin innan friðaða svæðisins og skipaði, að þau yrðu tekin upp. Segist ákærði ekkert hafa vitað, hvorki heyrt né lesið, að friðaða svæðið þarna hefði verið stækkað, fyrr en skipherra varðskipsins tilkynnti það þennan dag, þ. e. 5. apríl.

Ákærði sagði m/b Frey vera 105 brúttórúmllestir að stærð.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt 19. apríl 1977, en hann hafnaði því. Ítrekaði hann, að hann hefði ekki vitað um stækkun friðaða hólfins og talið sér heimilt að veiða á umræddum stað. Jafnframt ítrekaði hann, að nærvera varðskipsins í u. þ. b. vikutíma á svæðinu fyrir 5. apríl 1976 hefði ekki vakið hjá honum minnsta grun um, að hólfíð hefði verið stækkað til austurs.

Í máli þessu liggur fyrir framburður Jóns Björns Vilhjálms-sonar, skipstjóra á m/b Hörpu, RE 42, en hann var einnig kærður sama dag fyrir sama brot og ákærði. Kemur fram hjá honum, að hann hafi ekkert vitað um stækkun svæðisins.

Í málinu var lagt fram ljósrit af sjókorti því, sem ákærði fór eftir. Var friðaða svæðið markað á það, eins og það var fyrir stækkun þess með reglugerð nr. 17/1976. Þá var enn fremur lagt fram bréf sjávarútvegsráðuneytisins 19. des. sl. Segir þar, að auk birtingar nefndrar reglugerðar hafi ráðuneytið í janúar-mánuði 1976 sent til allra dagblaða, útvarps og sjónvarps fréttatilkynningu, þar sem vakin er m. a. athygli á breytingum á friðunarsvæðinu á Selvogsbanka, og fylgdi kort af friðunarsvæðinu fréttatilkynningunni. Er rétt að geta þess hér, að umrætt svæði er bannað öllum veiðum frá 20. mars til 15. maí samkv. áður-nefndri reglugerð.

Þáverandi skipherra varðskipsins, Þorvaldur B. Axelsson, hefur komið fyrir dóm út af máli þessu. Kannaðist hann við að hafa gert framanlýsta skýrslu og væri hún gerð eftir bestu vitund og samvisku. Hann kvaðst hafa verið á umræddu svæði nokkuð fyrir 5. apríl 1976 og sagði það af og frá, að hann og þeir varðskipsmenn hefðu ekki vitað um staðarmörk friðunarsvæðisins á þessum tíma. Hann mundi ekki, hvort hann hafði samband við

ákærða 31. mars, og sagði, að hefði ákærði haft net sín innan marka þann dag, gæti mismunur á aðgerðum falist í fyrirmælum yfirstjórnar Landhelgisgæslunnar á þessum tíma, en reynt hefði verið að fara eins vægilega í sakirnar til að byrja með varðandi veiðar innan marka friðaða svæðisins.

Fyrir dómi mætti einnig þáverandi 1. stýrimaður varðskipsins, Friðgeir Olgeirsson skipherra. Lagði hann fram úrklippu úr sjókorti, og sagði hann staðsetningu m/b Freys vera merktá þar inn á. Að sögn mætta kæmi þar glögglega fram, að báturinn var inni á friðaða svæðinu.

Mætti kynnti sér skýrslu skipherrans og staðfesti hana rétta. Hann kvaðst hafa gert staðarákvörðunina og unnið að skýrslu skipherrans og væri hvort tveggja gert eftir bestu vitund.

Báðir varðskipsmennirnir unnu heit að framburði sínum.

Álit dómsins.

Sannað þykir með mælingum varðskipsmannanna og sjókorti, að ákærði var með bát sinn innan marka friðaða svæðisins á Selvogsbanka mánudagsmorguninn 5. apríl 1976. Með framanraktri skýrslu Landhelgisgæslunnar, sem báðir nefndir varðskipsmenn hafa staðfest rétta, svo og framburði ákærða sjálfs þykir einnig sannað, að hann var þar að veiðum. Hefur hann með þessu atferli sínu, sem rétt er lýst í ákæru, brotið gegn 1. tl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 17/1976, sbr. 3. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og lög nr. 45/1974 um breytingu á þeim lögum. Sjá nú 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 415/1976 um friðunarsvæði við Ísland og reglugerð nr. 134/1977 um netaveiðisvæði á Selvogsbanka, sbr. lög nr. 81/1976 um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Refsikrafa ákæruvaldsins er tekin til greina, þar sem vanþekking eða óvitund ákærða á þeim lögum og reglum, sem vörðuðu mörk friðaða svæðisins á Selvogsbanka frá 20. mars — 15. maí 1976, leysir hann ekki undan refsingu, en hins vegar þykir rétt við ákvörðun hennar að hafa í huga þá villu, sem varðskipsmenn kunna að hafa valdið ákærða með nærveru sinni um nokkurn tíma fyrir 5. apríl 1976.

Refsing ákærða samkv. 3. gr. i. f. laga nr. 44/1948, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum, þykir hæfilega ákveðin sekt, kr. 250.000, til Landhelgissjóðs, sbr. 17. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands. Varðhald í 25 daga komi til

afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dómsins. Ákæru má skilja þannig, að einnig sé krafist refsingar eftir 6. gr. i. f. laga nr. 44/1948, en þau lög eru aðeins fjórar greinar. Átti líklegast að vísast hér í áður nefnda reglugerð nr. 299/1975, en þar sem hún er ekki nefnd í refsiskröfu ákæruvaldsins, byggist refsing einungis á þeim lagaákvæðum, sem áður greinir.

Ákærði skal einnig dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. laun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.

Dráttur sá, sem hefur orðið frá dómtöku til dómsuppsögu málsins, stafar af önnum dómsforseta, en annar dráttur á rekstri þess verður ekki réttlættur.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Ingólfsson, greiði kr. 250.000 í sekt til Landhelgissjóðs, og komi varðhald í tuttugu og fimm daga til afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1979.

Nr. 119/1978. **Alexander Sigurðsson og
Sigurður Guðbrandsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.).

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.